


Umhverfisnefnd Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík 26. október 2007
Tilvísun 2007100058/1.1/BK/--

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2008, liður 14. umhverfisráðuneytið

Umhverfisnefnd Alþingis hefur með bréfi dagsettu 18. október 2007 sent Brunamálastofnun til umsagnar þann lið fjárlaga ársins 2008 sem fellur undir umhverfisráðuneytið. Brunamálastofnun þakkar fyrir að fá tækifæri til að gefa ofangreinda umsögn. Stofnunin mun takmarka umsögnina við lið 14.321, Brunamálastofnun.

Bakgrunnur: Í fjárlögum 2008 fær Brunamálastofnun 124.1 m.kr. úr ríkissjóði og er gert að afla 21 m.kr. sértekna, þannig að rekstrarkostnaður verði samtals 145.1 m.kr. Línuritíð neðan sýnir þróun rekstrargjalda Brunamálastofnunar og úthlutunar úr Ríkissjóði á árunum 2001 til 2008 (að frádregnum beinum styrkjum til sveitarfélaga).



Um 70% af gjöldum Brunamálastofnunar tengjast launavísitölu (launakostnaður og aðkeypt sérfræðipjónusta) og því er áhugavert að skoða hvernig framlag Ríkissjóðs hefði hækkað frá árinu 2001 (þegar framlag Ríkissjóðs var 106.8 m.kr) ef launavísitölu hefði verið fylgt (sjá myndina ofan). Þar sést að framlag Ríkissjóðs hefur ekki fylgt launavísitölu, en gjöld stofnunarinnar hafa hinsvegar gert það.

Gjöld stofnunarinnar hafa undanfarin ár verið þó nokkuð hærri en framlag Ríkissjóðs og bilið þar á milli hefur aukist mikið milli ára, eins og kemur fram í texta fjárlagafrumvarps fyrir árið 2008. Munurinn milli framlags Ríkissjóðs og gjalda Brunamálastofnunar hefur verið fjármagnaður úr uppsöfnuðum höfuðstól stofnunarinnar.

Þegar sá höfuðstóll hefur allur verið fluttur yfir í bundinn höfuðstól, þá mun stofnunin ekki

lengur getað notað hann til að brúa bilið milli framlag Ríkissjóðs og eðlilegra rekstrargjalda stofnunarinnar. Það er mjög óraunsað að ætla að stofnunin muni skyndilega geta lækkað rekstrarkostnað um ca 30% þegar höfuðstóllinn verður fluttur, án þess að það skerði verulega starfsemi vegna lögbundinnar skyldu stofnunarinnar.

Starfsemi vegna lögbundinnar skyldu Brunamálaskólans árið 2008: Vegna fjölgunar atvinnuslökkviliða á Íslandi (Slökkvilið Keflavíkurlflugvallar og Slökkvilið Fjarðabyggðar), vegna almennt aukinnar nýliðunar í slökkviliðum landsins og vegna aukinna krafna um grunnmenntun slökkviliðsmanna í reglugerð nr. 792/2001 hefur lögbundin starfsemi Brunamálaskólans aukist mjög. Til að mæta þessu þarf Brunamálaskólinn að auka námskeiðahald um helming og hefur tekið húsnæði á leigu á Miðnesheiði í þessu sambandi. Í viðauka eru tvö fjárlagaerindi Brunamálastofnunar fyrir árið 2008, en þar kemur fram að

- aukinn launakostnaður kennara Brunamálaskólans vegna aukins fjölda atvinnuslökkviliða á Íslandi er 5.4 m.kr.
- aukinn kostnaður vegna fasts aðseturs Brunamálaskólans á Miðnesheiði er 4.0 m.kr.

Ekki var tekið tillit til þessara fjárlagaerinda við gerð fjárlaga fyrir árið 2008.


Brunavarnagjald: Í ársbyrjun 2007 var bundinn höfuðstóll Brunamálastofnunar um 386 m.kr. Höfuðstóll þessi hefur safnast saman vegna þess að Brunavarnagjald, sem er innheimt af tryggingafélögum til þess að fjármagna starfsemi Brunamálastofnunar, hefur öll árin verið töluvert herra en rekstrargjöld stofnunarinnar. Sem dæmi má nefna að árið 2006 var innheimt Brunavarnagjald 207.9 m.kr en gjöld Brunamálastofnunar það ár voru 177.6 m.kr (þar af námu styrkir til sveitarfélaga 21.5 m.kr.). Mismunurinn ásamt sértekjum stofnunarinnar flyst inn í bundinn höfuðstól sem hækkar ár frá ári og er nú 386 m.kr. sem áður sagði.

Niðurstaða: Rekstrarkostnaður Brunamálastofnunar árið 2007 verður um 160 m.kr. Framlag Ríkissjóðs til reksturs stofnunarinnar árið 2008 ætti því að vera um 170 m.kr (að teknu tilliti til hækkunar launavísitölu) plús sú upphæð sem kemur fram í fjárlagaerindi Brunamálastofnunar fyrir árið 2008, eða samtals 179.4 m.kr.

Í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 eru gerðar auknar kröfur um öryggi þegnanna og atvinnulífsins á ýmsum sviðum. Flækjustig þjóðfélagsins eykst stöðugt og eignamyndun í byggingum hefur verið gífurlega hröð, sem sést af því hvernig brunavarnagjald hækkar árlega. Framlög á fjárlögum til verndunar þessara eigna hefur hinsvegar ekki aukist í sama mæli þó svo að verkefni stofnunarinnar aukist samhliða þessari þróun. Eðlilegt verður að teljast að Brunamálastofnun fái allt brunavarnagjaldið árið 2008 til rekstrar, eins og lög gera ráð fyrir, og að svo verði einnig til frambúðar.

Umhverfisráðherra hyggst leggja fram frumvarp til laga um mannvirki haustið 2007, en þar er gert ráð fyrir að Brunamálastofnun verði lögð niður og að ný stofnun, Byggingarstofnun, taki við málafloknum brunamál. Sérstaklega verður að gæta þess við gerð rekstraráætlana fyrir nýja Byggingarstofnun að raunveruleg rekstrargjöld Brunamálastofnunar verði höfð til hliðsjónar, en ekki framlag Ríkissjóðs eins og það hefur verið undanfarin ár.

Virðingarfyllst,


Björn Karlsson

Viðauki við umsögn um fjárlög fyrir árið 2008, liður 14, umhverfisráðuneyti

Fjárlagaerindi Brunamálstofnunar 2008

Beiðni um aukna fjárveitingu til Brunamálstofnunar skiptist svo í forgangsörð:

Lykill 14-321-101

Aukinn launakostnaður kennara Brunamálaskólans vegna aukins fjölda atvinnuslökkviliða á Íslandi

5,4 M.kr

Samkvæmt reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna skal Brunamálaskólinn halda margskonar námskeið, meðal annars þriggja mánaða námskeið fyrir alla nýliða í atvinnuslökkviliðum. Hingað til hafa verið þrjú slík slökkvilið á Íslandi (Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Brunavarnir suðurnesja og Slökkvilið Akureyrar) en þeim hefur nú fjölgað um tvö (Slökkvilið Keflavíkurlugvallar og Slökkvilið Fjarðarbyggðar). Til að anna menntunarþörf atvinnuslökkviliðsmanna þarf Brunamálaskólinn að halda tvö atvinnumannanámskeið á ári í stað eins. Aðkeyptur vinnutími stundakennslu eykst þannig um helming vegna þessa náms, en sá kostnaður er 5,2 M.kr á verðlagi ársins 2007. Því er farið fram á 5,4 M.kr aukna fjárveitingu inn í rekstrargrunn Brunamálstofnunar árið 2008 vegna aukinnar vinnu stundakennara við skólann.

Lykill: 14-321-101

Fast aðsetur Brunamálaskólans á Miðnesheiði

4,0 M.kr

Stjórnvöld leggja stórauðna áherslu á innra öryggi á Íslandi í ljósi aukinnar hættu á mengunarslysum, hryðjuverkaógn og aukins flækjustígs samfélagsins almennt. Þegar reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna var sett árið 2001 jókst kennsluskylda skólans um meira en helming, í ljósi þess að slökkviliðin eru sá viðbragðsaðili sem bregst við lang flestum neyðarköllum í þéttbýli. Samkvæmt reglugerðinni skal Brunamálaskólinn halda margskonar námskeið fyrir slökkviliðsmenn, eldvarnaeftirlitsmenn, stjórnendur slökkviliða og slökkviliðsstjóra. Hingað til hefur Brunamálaskólinn ekki haft fast aðsetur, heldur leigt eða fengið lánað húsnæði hér og þar. Nú er ljóst að skólinn verður að fá fast aðsetur til að geta vaxið og dafnað. Brunamálstofnun hyggst þannig semja um leigu á kennsluáðstöðu á Miðnesheiði, en þar eru einnig ákaflega góðar aðstæður til verklegra æfinga slökkviliða (neyðarakstur, klippuvinna, reykköfun, stór olíupyttur, líkan af flugvél og margt fleira). Því er farið fram á 4,0 M.kr aukna fjárveitingu inn í rekstrargrunn Brunamálstofnunar árið 2008 vegna leigu og rekstrar á húsnæði á Miðnesheiði.